

Árið 1989, miðvikudaginn 14. júní var Kjaradómur settur að Kalkofnsvegi 1 í Reykjavík og haldinn af Jóni Finnssyni, Jónasi A. Aðalsteinssyni, Ólafi Nilssyni, Jóni G. Tómassyni og Hólmfríði Snæbjörnsdóttur.

Fyrir var tekið:

- 1. Að taka ákvörðun um laun
forseta Íslands,
þeirra ríkisstarfsmanna,
sem 2. gr. laga
nr. 92/1986 tekur til,
ríkissáttasemjara og
ríkisendurskoðenda.**

Samkvæmt 6. gr. laga um Kjaradóm nr. 92, 31 desember 1986 ber dóminum við úrlausn mála að gæta þess að laun sem hann ákveður "séu á hverjum tíma í samræmi við laun í þjóðféluginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar".

Í þessu efni hefur Kjaradómur m.a. litið til þeirrar launaþróunar sem orðið hefur hjá aðildarfélögum BHMR og hjá þeim ríkisstarfsmönnum sem fjármálaráðherra ákveður laun samanber 5. tl. 1. gr. laga nr. 94, 31. desember frá 1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá 20. maí 1988 til 1. mars 1989 var kjaramálum skipað með lögum, fyrst með bráðabirgðalögum nr. 14/1988 um ráðstafanir í efnahagsmálum. Í þeim lögum var ákveðið að launahækkanir á tímabilinu frá 31. desember 1987 til 1. júní 1988 skyldu vera 10%. Þetta raskaði þó ekki ákvæðum gildandi kjarasamninga, sem fólu í sér meiri launahækkanir á tímabilinu.

Sama dag og bráðabirgðalögin voru sett höfðu aðildarfélög BHMR undirritað kjarasamning við fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Í þessum samningi fólst að háskólamenntaðir ríkisstarfsmenn fengu meiri hækkanir á ofangreindu tímabili en tiltekið var í lögunum. Þeir ríkisstarfsmenn, sem Kjaradómur ákveður laun, féllu hins vegar undir lagaákvæðið um 10% hækjun launa á umræddu tímabili. Hækkanir sem aðildarfélög BHMR fengu eru metnar á allt að 3,5% umfram viðmiðun laganna.

Þá hefur Kjaradómur aflað sér gagna frá launaskrifstofu ríkisins sem sýna að meðaltal greiddra dagvinnulauna háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna hefur á sl. tveimur árum hækkað um nálægt 5% umfram dagvinnulaun þeirra, sem Kjaradómur ákveður laun. Athugun á breytingum dagvinnulauna háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna frá september 1987 til apríl 1989 og þeirra sem fjármálaráðherra ákveður laun gefur þó til kynna nokkuð meiri hækkun.

Loks er til þess að taka, að síðari hluta maí 1989 gerði fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs kjarasamninga við aðildarfélög BHMR, sem almennt kváðu á um 3,35% hækkun launa frá 1. maí sl.

Með hliðsjón af framanrituðu og skírskotun til 6. gr. laga um Kjaradóm ákveðst eftirfarandi:

I

Frá 1. mars 1989 skulu laun forseta Íslands vera 270.985 krónur.

II

Frá 1. mars 1989 skulu laun forseta Hæstaréttar vera 225.387 krónur en laun annarra hæstaréttardómara 204.897 krónur.

III

Frá 1. mars 1989 skulu laun forsætisráðherra vera 261.893 krónur en laun annarra ráðherra 238.084 krónur, hvort tveggja að meðtöldu þingfararkaupi.

IV

Frá 1. mars 1989 skulu laun ríkissaksóknara vera 204.897 krónur.

V

Frá 1. mars 1989 skulu laun ríkissáttasemjara vera 204.897 krónur.

VI

Frá 1. mars 1989 skulu laun ríkisendurskoðanda vera 181.910 krónur.

VII

Frá 1. mars 1989 skulu laun biskups Íslands vera 178.890 krónur.

VIII

Frá 1. mars 1989 skulu laun ráðuneytisstjóra vera 175.918 krónur.

IX

Frá 1. mars 1989 skulu laun skrifstofustjóra Alþingis vera 175.918 krónur.

X

Frá 1. mars 1989 skulu þessum ríkisstarfsmönnum greidd mánaðarlaun sem hér segir:

119.074 krónur: Ríkisskattanefndarmenn í fullu starfi

140.996 krónur: Borgardómarar

Borgarfógetar

Héraðsdómarar

Sakadómarar

Sýslumaðurinn í Dalasýslu

Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu

Bæjarfógetinn í Bolungarvík

Sýslumaðurinn í Strandasýslu

Bæjarfógetinn á Siglufirði

Bæjarfógetinn í Ólafsfirði

Bæjarfógetinn í Neskaupsstað

Sýslumaðurinn í Austur-Skaftafellssýslu

Sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu

Yfirdýralæknir

150.840 krónur: Bæjarfógetinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
Sýslumaðurinn í Snæfellsness- og Hnappadals-
sýslu og bæjarfógetinn í Ólafsvík
Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Húnavatnssýslu
Sýslumaðurinn í Skagafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu og
bæjarfógetinn á Húsavík
Sýslumaðurinn í Norður-Múlasýslu og
bæjarfógetinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu og
bæjarfógetinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Rangárvallasýslu
Bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Árnessýslu og
bæjarfógetinn á Selfossi
Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli
Rektor Kennaraháskóla Íslands
Rektor Tækniþóla Íslands
Tollgæslustjóri
Verðlagsstjóri

156.041 krónur: Formaður ríkisskattanefndar

161.429 krónur: Sýslumaðurinn í Kjósarsýslu og bæjarfógetinn
í Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnarnesi
Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu og
bæjarfógetinn á Akureyri og Dalvík

Sýslumaðurinn í Gullbringusýslu og bæjarfógetinn
í Keflavík, Grindavík og Njarðvík
Bæjarfógetinn í Kópavogi
Flugmálastjóri
Orkumálastjóri
Rafmagnsveitustjóri ríkisins
Rannsóknarlöggreglustjóri ríkisins
Ríkislögmaður
Skattrannsóknarstjóri
Tollstjórinn í Reykjavík
Yfirborgarfógetinn í Reykjavík
Yfirborgardómarinn í Reykjavík
Yfirsakadómarinn í Reykjavík

167.002 krónur: Sendiherrar

173.132 krónur: Forstjóri ríkisspítalanna

Landlæknir
Löggreglustjórinn í Reykjavík
Póst- og símamálastjóri
Rektor Háskóla Íslands
Ríkisskattstjóri
Vegamálastjóri

Laun þessi skulu hækka um 3,35% 1. maí 1989. Ákvörðun þessa kafla tekur ekki til þeirra, sem nota heimild í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 92/1986.

XI

Um launakjör þeirra starfsmanna ríkisins, sem Kjaradómur ákveður laun skv. 2. gr. laga nr. 92/1986, skulu gilda eftirfarandi almenn ákvæði:

1. Mánaðarlaun eru þannig ákveðin, að ekki skal vera um frekari greiðslur fyrir venjubundin störf að ræða, þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku. Innheimtu- og uppboðslaun falla niður, þar sem um þau hefur verið að ræða. Komi til greiðslna fyrir yfirvinnu skal tímakaup vera 1,0385% af mánaðarlaunum þess, sem í hlut á.
2. Um orlof skulu, eftir því sem við á, gilda þær reglur, er greinir í aðalkjarasamningi BHMR og ríkisins. Um orlofssjóð skulu áfram gilda þær sérstöku reglur, sem mótaðar hafa verið í því efni.
3. Um önnur launakjör skal farið eftir hliðstæðum reglum og almennt gilda um ríkisstarfsmenn, eftir því sem við á, þar á meðal um persónuuppbót, ferðakostnað og slysatryggingar.

**2. Að taka ákvörðun um
þingfararkaup og kostnað
alþingismanna
samkvæmt annarri og
fjórðu grein sbr. 12.
grein laga númer 75/1980
um þingfararkaup.**

1. Frá 1. mars 1989 skal þingfararkaup vera 144.274 krónur á mánuði. Frá sama tíma skulu mánaðarlaun forseta sameinaðs Alþingis vera 158.786 krónur. Laun þessi skulu hækka um 3,35% frá 1. maí 1989.
2. Húsnæðiskostnaður verði 31.000 krónur á mánuði frá 1. maí 1989.
3. Dvalarkostnaður um þingtíma verði 1.350 krónur á dag frá 1. maí 1989.

4. Dvalarkostnaður í kjördæmi verði 180.000 krónur frá 1. maí 1989 miðað við ársgreiðslu.
5. Kostnaður við ferðalög í kjördæmi verði frá 1. maí 1989:

Í Reykjavíkurkjördæmi 9.000 krónur á mánuði.

Í Reykjaneskjördæmi 17.000 krónur á mánuði.

Í öðrum kjördæmum 27.000 krónur á mánuði.

*Tóni Guðnason
Gardar Þórðarson - 'Ólagz spæing'
Hólmfríður Þurðóraðóttir Jóni T. Þimurasson*